

REGLUGERÐ UM BÚNAÐ GLÍMUMANNA Á OPINBERUM MÓTUM

1. grein

- 1.1 Aðalbúningur skal vera samfestingur eða tvískiptur búningur, þ.e. stuttermabolur og síðbuxur úr þunnu, sterku og teygjanlegu efni sem fellur vel að líkamanum.
- 1.2 Konum er heimilt að klæðast stutterna bol undir samfestingnum.
- 1.3 Utanyfir samfestinginn skulu glímumenn klæddir mittisskýlu úr þunnu teygjanlegu og sterku efni. Enga skýlu þarf ef menn eru í tvískiptum glímubúningi.
- 1.4 Glímumenn skulu girtir glímubelti og skal þess gætt að klæðnaður hindri ekki tök á belt.

2. grein

- 2.1 Skór skulu vera mjúkir og með leðursóla. Þeir skulu vera lausir við skarpar brúnir og krækjur. Heimilt er að nota innlegg í skóna.

3. grein

- 3.1 Ef glímt er á dýnum, skulu keppendur vera í íþróttasokkum eða glímuskóm.

4. grein

- 4.1 Glímubelti skal vera úr sterkum, flötum og 2-2,5 cm breiðum leðurborða.
- 4.2 Höft milli mittisólar og læróla skulu vera þrjú: tvö vinstra megin og eitt hægra megin
- 4.3 Bakhluti beltisins, sem nær frá hægra hafti að aftara hafti vinstra megin, skal vera 6 cm breiður og skorinn úr einum borða.
- 4.4 Hringjur og hnoðnaglar skulu vera skaðlaus líkama og búningi glímumanns.
- 4.5 Stórt glímubelti, mittisólin um það bil 105 cm löng og skal hún ná 25 cm frá fremra hafti vinstra megin. Hægra haftið og fremra vinstra haftið skulu falla niður í lærólar um lærhnútu og vera að hámarki 16 cm löng, og aftara haftið vinstra skal vera ca 30 cm langt, eða tæplega helmingi lengra en fremra haftið. Milli vinstri haftanna skal mittisólin vera 11 cm löng og úr tvöföldum borða. Milli vinstri haftanna á læról skal lærólin vera 22 cm löng. Bakhluti beltisins skal vera 30 cm langur.
- 4.6 Meðalstórt glímubelti er hlutfallslega eins og stórt glímubelti, mittisólin um það bil 95 cm löng og skal hún ná 22,5 cm frá fremra hafti vinstra, þá styttest hægra haftið og fremra vinstra haftið í 14,5 cm og aftara haftið vinstra í 27 cm. Áfram eru 11 cm á milli vinstri haftanna á mittisól en styttest í 20,5 cm á læról. Bakhluti beltisins skal vera 27,5 cm langur.
- 4.7 Lítið glímubelti er hlutfallslega eins og hin beltin, mittisólin um það bil 85 cm löng og skal hún ná 20 cm frá fremra hafti vinstra, þá styttest hægra haftið og fremra vinsra haftið í 13 cm og aftara haftið vinstra í 25 cm. Áfram eru 11 cm á milli vinstri haftanna á mittisól en styttest í 19 cm á læról. Bakhluti beltisins skal vera 25 cm langur.

- 4.8 Glímubelti á konur eru eins að öllu leiti, nema að á þeim styttest bakhluti beltisins um 2,5 cm í hverri stærð.

5. grein

- 5.1 Heimilt er að hafa merki félags eða héraðssambands í barmi búnings. Heimilt er að hafa nafn keppenda á baki keppnisbúnings.
- 5.2 Allar auglýsingar skulu fara eftir ákvæðum reglugerðar GLÍ og ÍSÍ um auglýsingar á búnaði glímumanna.
- 5.3 Aðilar GLÍ skulu leita samþykkis stjórnar GLÍ fyrir glímubúningum sínum.
- 5.4 Mæti glímumaður til leiks í ósamþykktum búningi er heimilt að vísa honum frá keppni.
- 5.5 Sérstaklega skal þess gætt þegar sveit kemur til leiks að allir liðsmenn hennar séu í samstæðum búningum.

6. grein

- 6.1 Heimilt er glímumanni að nota þunnar hlífar á olnbogum og undir búningi.

7. grein

- 7.1 Óheimilt er að bera nokkra þá hluti sem skaðað gætu keppendur.

8. grein

- 8.1 Þeir sem koma til leiks í opinberu glímumóti, skulu ætíð vera í hreinum og heilum glímubúningum.

9. grein

- 9.1 Reglugerð þessi tekur gildi 1. september 2004.

Staðfest 1. jan. 1975. Breytt 3. október 1993 /1. okt. 1996 / 8. júlí 1997./ 4.
nóv. 2001 / 29. mars 2004 / 27. mars 2006 / 1.des 2010